



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Svar við fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um akrein við Hekloreit/Nóatún

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 25. október 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Grunnplata hefur nú verið steipt við Nóatún/Hekloreit. Íbúaráð Miðborgar og Hlíða spyr hvort og þá hvenær möguleiki sé að opna eystri akreinina að nýju og að tryggð verði að hjáleik fyrir gangandi og hjólandi færast sem því nemur

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs þann sama dag.

Svar:

Útgefið afnotaleyfi fyrir framkvæmdunum rennur út 2. janúar 2024. Við lok núgildandi afnotaleyfis verður farið í viðræður við leyfishafa varðandi áframhaldandi afnot af borgarlandi. Reynslan sýnir aftur á móti að þörf fyrir athafnasvæði vegna uppbyggingar eins og þessarar er áfram töluverð m.a. vegna aðstöðu fyrir krana, efni og vinnu með klæðningu og glugga. Alltaf er reynt að draga sem mest úr áhrifum framkvæmda á borgarlandið. Það að halda greiðum og öruggum leiðum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur er í forgangi við útgáfu afnotaleyfa.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri